

## Próftafla og lesefni – 6. bekkir

Janúar 2013



Nemendur hafa lokið prófum og námsmati í náttúrugreinum, ensku, lesskilningi, raddlestri og framsögn.

Önnur próf og lesefni er sem hér segir:

Dagsetning	Próf
10. janúar- fimmtudagur	Stafsetning – eyðufylling á skólatíma
14. janúar - mánudagur	Stærðfræði á skólatíma
15. jan. - þriðjudagur (Prófdagur – nemendur fara heim að loknum hádegisverði)	Stafsetning kl. 8:30 Málrækt kl. 9:30
16. jan. - miðvikudagur (Prófdagur – nemendur fara heim að loknum hádegisverði)	Hlustunarskilningur kl. 8:30 Bókmenntir og ljóð kl. 9:30

Nemendur koma með nesti til að borða á milli prófa. Þeir sem eru í mataráskrift borða áður en þeir fara heim. Matur hefst kl. 11:00

### **Bókmenntir**

Nemendur þurfa að þekkja efni sagnanna í *Rauðkápu* vel, vita nafn höfundar þar sem við á og geta gert grein fyrir orðskýringum.

- ❖ Nú-tí-minh bls. 22 – 33
- ❖ Faðir vor bls. 35-45
- ❖ Ren-Sí og asni bóndans bls. 67 – 72
- ❖ Mídas kóngur og Ólympsgoð bls. 73-80
- ❖ Andrókles og ljónið bls. 81-88
- ❖ Sagan af Ali Baba og ræningjunum fjörutíu bls. 88-97

Orðskýringar sem þarf að kunna:

- ❖ Ganga til náða = fara að sofa
- ❖ Höldur= ríkur jarðeigandi
- ❖ Blygðast sín= skammast sín
- ❖ Metaskálar= vog
- ❖ Nurla= safna
- ❖ Þykja gott í staupinu= vera drykkfelldur
- ❖ Snauður= fátækur
- ❖ Reka= skófla
- ❖ Þrúgur= vínber
- ❖ Farsæld= hamingja
- ❖ Ánauð= þrældómur
- ❖ Stigamenn= ræningjar
- ❖ Dýflissa= fangelsi
- ❖ Falla í valinn= láta lífið

## Ljóð

### Nemendur þurfa að þekkja eftirfarandi:

- ❖ Nöfn höfunda ljóðanna
- ❖ Geta gert grein fyrir rími (endarím, víxlrím, runurím, karlrím, kvenrím)
- ❖ Geta fundið ljóðstafi (stuðla og höfuðstafi)

### Ljóð lærdó utanbókar (einnig lesin og skilin)

- ❖ Lofsöngur (1. erindi)
- ❖ Móðurást (1. erindi)
- ❖ Minni kvenna (Fósturlandsins Freyja)
- ❖ Íslands minni 1. erindi (Eldgamla Ísafold)

### ❖ Lesin og skilin

- ❖ Hótel jörð (allt)
- ❖ Haust (allt)
- ❖ Móðurást (allt)



## Stafsetning

Rifja upp stafsetningarreglur t.d. í *Mál til komið* grunnbók (bls. 98-107) + verkefnabók.

## Málrækt

*Málrækt 2*, aukaverkefni og hefti. Skoða vel upprifjunarkönnun. Sjá gátlista:

- Kunna að búa til samsett orð (penni + veski = pennaveski)
- Kunna að finna samheiti (móðir-mamma)
- Kunna að finna andheiti (lítill – stór)
- Kunna að búa til réttar málsgreinar
- Kunna að raða málsgreinum í rétta tímaröð
- Geta skrifað rétt landaheiti/staðaheiti, tungumálaheiti og íbúaheiti
- Rétt mál (sjá bls. 39 og 40 í *Málrækt 2*)

### Þekkja nafnorð

- Geta fundið nafnorð í texta
- Þekkja sérnöfn (Óli, Snati) og samnöfn (hundur, blóm)
- Geta greint nafnorð eftir kynjum (kk-kvk-hk)
- Þekkja eintölu (et.) og fleirtölu (ft.)
- Geta bætt greini við nafnorð (minn-mín reglan)
- Kunna að fallbeygja nafnorð (hér er (nf), um (pf), frá (pgf), til (ef.))
- Geta greint fall, kyn og tölu nafnorða

### Þekkja lýsingarorð

- Geta fundið lýsingarorð í texta
- Þekkja kyn lýsingarorða (lítill maður – lítil kona – lítið hús)
- Þekkja tölu lýsingarorða (rautt pennaveski – rauð pennaveski)
- Geta fallbeygt lýsingarorð (+ nafnorð) (blá peysa)
- Geta stígbreytt lýsingarorð (lítill (frst) – minni (mst) – minnstur (est))

### **Þekkja sagnorð**

- Geta fundið sagnorð í texta
- Geta fundið stofn sagnorða (að hjálp)
- Þekkja nútíð og þátíð (segir – sagði)
- Þekkja og geta fundið nafnhátt/stofn (hjálparrorð: að)
- Geta breytt tíð texta (nútíð í þátíð eða þátíð í nútíð)

### **Stærðfræði**

Til prófs er grunnbók *Stika 2a*, öll bókin.

Ekki er gefinn upp neinn gátlisti þar sem öll bókin er til prófs og gott efnisyfirlit með efnisatriðum er fremst í bókinni. Gott er að reikna æfingasíðurnar sem fylgja hverjum kafla ásamt prófblaðsíðum en þar eru aðalefnisatriðin dregin saman. Þeir sem vilja frekari æfingu geta einnig æft sig í æfingaheftinu.

Prófið gildir 50% á móti 3 könnunum sem þegar hafa verið teknar og gilda 13 - 14% hver og sjálfsmati sem gildir 10%.

***Nemendur þurfa að hafa reglustiku og gráðuboga með sér í prófið.***

**Gangi ykkur vel.**

**Guðrún. Halldóra og Ólafur**